

RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS.

12. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR FÖSTUDAGINN 25. MAÍ 2012.

Mæting:

Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason Öfjörð, Sighvatur D Sighvatz, Sigurður Ólason, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Orlofshúsamál.
3. Rekstur tengdra félaga.
4. Kjaramál.
5. Skipulagsmál Stórhöfða 31.
6. Húsnæðisbætur.
7. Lagabreytingar ASÍ félaga/sanbanda.
8. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar ekki til staðar, og er því ósamþykkt.
2. **Orlofshúsamál.**

Umsjónarmaður Apavatni.

Alls sóttu 10 hjón um umsjónamannstarfið, og var rætt við 5 hjón af þeim. Ragnar Valur Ragnarsson ráðinn í starfið. Hann er smiður að mennt, og þekkir vel til á svæðinu. Hann var ráðinn í 4 mánuði.

Verðskrá tjaldsvæðis.

Ekki lögð fram tillaga um hækkun á gjaldskránni heldur er um tilfæringar að ræða.

Gisting fyrir börn félagsmanna 13-18 ára verði kr. 200.- hverja nótt, og frítt verði fyrir börn að 12 ára aldri.

Gestir félagsmanna á aldrinum 13-18 ára greiði kr. 500.- fyrir hvern sólahring. (Var áður börn 13-16 ára)

Rafmagn.

Umræður voru um rafmagnsnotkun á Apavatnssvæðinu, og hvort rétt væri að hafa tvö gjöld annarssvegar fyrir 10A og hinsvegar fyrir 16A. Samþykkt að hafa eitt verð, og verður það kr. 600.- Sama hvort um 10A eða 16A sé að ræða.

Sölukerfi tjaldsvæðis.

Kynnt var nýtt kerfi sem getur nýst við sölukerfi á tjaldsvæðinu. Með þessu kerfi er hægt að sjá fjölda gesta og félagsmanna á svæðinu á hverjum tíma. Eins hver rafmagnsnotkun er á tjaldsvæðinu. Eftir að sjá hvort kerfi virki eða ekki. Unnið að því að koma þessu kerfi á koppinn. Leist mönnum vel að þetta kerfi, ef það virkar.

Viðhald orlofshúsa.

Borið á húsin að Skógarnesi. Eftirfarandi tilboð fékkst í að framkvæma það. 4 hús almáluð, önnur hús blettuð.

Pallar að Skógarnesi eru 2130m²

Veggir 1.676m²

Handrið 355m

Gluggar 1.129m

Burðarsúlur 443m

Heldarkostnaður við 17 hús og palla 6,5milljónir kr. Virðisaukaskattur endurgreiddur að hluta af vinnuliðnum.

Einarsstaðir.

Búið að skipta um gafl á einu húsinu . Heitir pottar komnir við húsin. Möguleiki á stækkun á húsunum þegar vel árar. Aðgengi er fyrir fatlaða inná pallana. Viðhaldsfri klæðning verður sett utaná öll húsin.

Þá kom fram að orlofsbyggðin á Einarsstöðum er rekin fyrir eigin reikning.

Öll hús eru eins. Sýndar myndir frá framkvæmdum. Húsin gömul en snyrtileg.

Vatnsfjörður.

Þar á RSÍ 1 hús. Frábær staður og falleg náttúra.

Orlofsbyggðin er með sundlaug. Rekstur gengur ágætlega, en enginn gróði er af rekstrinum.

Varmahlíð.

Þar var parketið slípað, og húsið þrifið.

Kirjubæjarklaustur.

Verið að vinna í þrifum þar.

Vaglaskógur.

Verið að undirbúa byggingu á nýju húsi . 4 verktakar ætla að gera tilboð í nýtt hús , og hafa verktakarnir frjálst val um húsaágerð. Tilboðum á að skila fyrir miðjan júní.

Íbúðin í Kaupmannahöfn.

Kristín nýkomin þaðan, ekki gott ástand á íbúðinni.

Þurrkari bilaður, búið að fjarlægja sófa úr stofunni og þá vantaði mikið af perum.

Jónsmessuhátíðin.

Allur undirbúningur í góðum gír.

Búið að panta hljómsveit „Ingó og veðurguðirnir“ og „Blár ópal“

Tilboð frá skátunum um að koma upp klifurvegg og leiktækjum. Þeir sjá um gæslu og allt utanumhald á þessu. Kostnaður um kr. 190.000.-

3. Rekstur tengdra félaga.

Kynnt var tekjuuppgjör fyrir fyrstu 4 mánuði þessa árs.

Heildartekjur fyrstu 4 mánuði þessa árs námu alls kr. 73.220.030.- en voru á sama tíma árið 2011 kr. 65.293.355.- og hafa því hækkað um 12,14%

Styrktarsjóður:

Kynnt var greiðsla styrkja úr styrktarsjóðnum fyrstu 4 mánuði þess árs.

Alls hafa verið greiddir styrkir að upphæð 45.752.291.- en á sama tíma í fyrra voru greiddir styrkir úr sjóðnum að upphæð kr. 36.5506.715.-. Styrkveitingar hafa því hækkað um 20% á milli ára.

Styrkþegum hefur aftur á móti fækkað um 10 voru árið 2011 741 einstaklingar en eru nú 731.

Menntasjóðurinn:

Lagðir voru fram til kynningar ársreikningar gamla Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2011, og einnig reikningar Rafiðnaðarskólans ehf fyrir árið 2011.

4. Kjaramál.

Nýlega var kjarasamningur undirritaður við ÍAV þjónustu ehf.

4 einstaklingar eru á þessum samningi. Ekki er búið að greiða atkvæði um hann.

Launataxtinn fylgir almenna samningnum, og ef breytingar verða á honum þá koma sömu breytingar á þennan samning.

Þetta er nýtt fyrirtæki er varðar rekstur gagnavera og ekki vitað hvernig þróunin verður í störfum hjá fyrirtækinu, og hvort þörf sé á lærðum rafiðnaðarmönnum.

Tekið var skýrt fram, að ef verið sé að vinna við rafbúnað þá er það krafa að rafiðnaðarmaður sinni þeim störfum.

5.Skipulagsmál RSÍ.

Lögmaður RSÍ Halldór Oddsson hefur sagt upp störfum og ætlar að hefja störf í haust hjá ASÍ.

Hann ætlar að klára þau mál sem hann er með í gangi áður en hann hættir.

6.Húsnæðisbætur.

Nú er uppi á borðinu að sameina húsaleigubætur og vaxtabætur til að einfalda kerfið.

Formanni hugnast ekki þetta kerfi. Ef leigukerfið verður hagstæðara en eignakerfið þá vilja menn sjálfsgagt fara yfir í það kerfi.

Verið er að kynna þetta, en allar forsendur fyrir breytingunum vantar að mati formanns.

7.Lagabreytingar ASÍ

Kynntar voru tillögur að nýjum lögum Starfsgreinasambandsins og samanburður að endurbættum lögum og eldri lögum.

8.Önnur mál.

1. Gólfssamningur.

Keypt hafa verði árskort á golfvöllina að Geysi Haukadal og Hveragerði. Og þurfa félagsmenn að hafa húsaleigusamning með sér til að fá aðgang að þessum völlum.

2. Ísland-Atvinnuhættir og menning.

Gefið er út rit á 10 ára fresti um“ Atvinnuhætti og menningu á Íslandi“ síðasta áratug. 1 síða kostar ca kr. 285.000.- +vsk

Samþykkt að vera með og kaupa síðu, til kynningar á starfsemi RSÍ.

3. Vísinda og tækniráð.

RSÍ þarf að tilnefnda mann í vísinda- og tækniráð í stað Þórunnar S. Jónsdóttir sem vill losna úr ráðinu. Stungið var uppá að Kormákur Hlyni Hermannsson tæki sæti í ráðinu í hennar stað. Kormákur er í Félagi tæknifólks. Samþykkt samhljóða.

4. **Rafbókin.**

Samþykkt að greiða núna út 3,5 milljónir og reyna með því að keyra bókina áfram (í samræmi við fyrri samþykktir um styrk upp á 6-8 milljónir til þessa verkefnis).

5. **Nemaleyfisnefndir.**

Tilnefnd var í nefndirnar.

Aðalmenn sterkstraums:

Ísleifur Tómasson, Stefán Sveinsson.

Til vara:

Jens H Ragnarsson.

Aðalmenn veikstraums:

Hörður Bragason, Kristján Þórður Snæbjarnarson.

Til vara:

Bjarni Þór Ólafsson

Endurmenntunarnefnd.

Sterkstraumur:

Sigurður Sigurðsson

Veikstraumur:

Sighvatur D Sighvatz.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl 16:15

Fundargerð: Helgi Jónsson